

# Mannaskiptaverkefni 2009

## Leiðbeiningar um fjármál og verkefnisstjórnun.

Kæri Leonardó umsækjandi.

Í þessari handbók finnur þú leiðbeiningar um verkefna- og fjárhagsstjórnun Leonardó mannskiptaverkefna og gott er að hafa hana til leiðbeininga við gerð umsókna ársins 2009. Fram kemur hvaða kostnaður er styrkhæfur, leyfilegur dvalartími og hvaða upphæðir er um að ræða í mismunandi flokkum. Athugaðu vel hvaða flokk umsókn þín fellur undir og einnig að hver umsókn getur aðeins átt við einn flokk styrkþega.

Flokkarnir í Leonardó mannskiptaverkefnum eru tveir:

- starfsmannskipti fyrir leiðbeinendur og stjórnendur (VETPRO)
- mannskipti, sem skiptist í tvennt:
  - fólk í starfsnámi (IVT)
  - fólk á vinnumarkaði (PLM)

Tilgangur þessa leiðbeiningabæklings er að veita nauðsynlegar upplýsingar til þess að umsóknir séu rétt út fylltar og verkefnin rekin samkvæmt reglum Leonardó. Ef þú þarft aðstoð eða frekari upplýsingar skaltu leita til:

Menntaáætlun Evrópusambandsins, sími 525 4900  
Leonardó skrifstofan  
Tæknigarði, Dunhaga 5,  
107 Reykjavík.  
Margrét Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri.  
Netfang: [marjoh@hi.is](mailto:marjoh@hi.is)

Á heimasíður Leonardo [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is) eru einnig upplýsingar fyrir verkefnastjóra mannskiptaverkefna. Þessi kafli er undir kaflanum um mannskipti.

Gangi þér vel!

# Mannaskiptaverkefni 2009

## Leiðbeiningar um fjármál og verkefnisstjórnun.

### Verkefnisstjórnun

#### Samskipti verkefnisstjóra og Leonardó skrifstofunnar.

Verkefnisstjórinn er ábyrgur fyrir því að verkefnið sé rekið í fullu samræmi við samning sem gerður er og undirritaður af ábyrgðaraðila umsóknar og forstöðumanni Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB. **Ef óskað er eftir meiriháttar breytingum á samningunum þarf að leggja fram skriflega beiðni** en ef um minniháttar breytingar er að ræða eða ef spurningar vakna þá eru verkefnisstjórar hvattir til að hafa samband við skrifstofu Leonardó áætlunarinnar og leita upplýsinga. Starfsfólk Leonardó leggur áherslu á gott samband og virk samskipti við verkefnisstjóra á meðan á verkefnum stendur.

Eitt af hlutverkum skrifstofu Leonardó áætlunarinnar er að leiðbeina og hafa eftirlit með verkefnum. Þetta er gert með samskiptum í gegnum síma, tölvupóst og vettvangsheimsóknir. Mjög mikilvægt er að verkefnisstjóri skipuleggi vinnu sína vel og að öll gögn séu aðgengileg hvenær sem er.

Áríðandi er fyrir verkefnisstjóra að kynna sér vel reglur um skýrslur og samninga. Þeir þurfa að fylgja með lokaskýrslu svo lokagreiðsla fáist.

- Samningar sem verkefnisstjóri ber ábyrgð á að gerðir séu á milli sendanda, þátttakanda og móttakanda. Annarsvegar er um að ræða samning sendanda og þátttakanda en til viðbótar þeim samningi og sem viðhengi er samkomulag um þjálfunina í mannaskiptaverkefnum og dagskrá heimsóknar í starfsmannaskiptum og gæðaviðmið. **ATHUGIÐ að gera þarf samninginn fyrir ferð enda eru þessi gögn til þess að tryggja framkvæmd verkefnanna.** Nauðsynlegt er að undirskrift móttökustofnunnar í SÍÐASTA LAGI í ferðinni.
- Uppgjör á kostnaði og skráning upplýsinga um samstarfsaðila – gert í Leopass kerfinu.
- Lokaskýrsla – Final Report – á sérstöku eyðublaði
- Einstaklingskýrslur skýrslur frá hverjum styrkþega – gert í Leopass kerfinu.

Skýrslueyðublöð og leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Leonardó áætlunarinnar <http://www.leonardo.is>

# Mannaskiptaverkefni 2009

## Leiðbeiningar um fjármál og verkefnisstjórnun.

### Fjármál

#### Í hvað má nota peningana?

Ekki er gerð krafa um ákveðið mótframlag í mannaskiptaverkefnum Leonardó áætlunarinnar. Hafa skal þó í huga að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að Leonardó styrkurinn greiði nema **hluta af kostnaði** þeim sem dvölin hefur í för með sér. Styrkinn á eingöngu að nota í beinum tengslum við verkefnið sem um ræðir svo sem ferðakostnað, uppihald, tryggingar, tungumálanám auk undirbúnings varðandi tungumál og menningarmun fyrir ferðina. Ekki má nota annan Evrópustyrk til að greiða kostnað vegna Leonardó verkefnis og heimsóknir til landa utan Evrópu eru ekki styrkhæfar.

#### Kostnaður sem til fellur utan samningstíma er ekki styrkhæfur.

Leonardó styrkþegar skulu ekki greiða fyrir þátttöku sína í Leonardó. Styrkir eru greiddir út í evrum og er eindregið mælt með því að styrkþegar noti evrureikninga. Fyrsta greiðsla styrksins (oftast 50%) er greidd eftir að samningar hafa verið undirritaðir og öllum gögnum skilað. Ef milliskýrsla er gerð er hægt að fara fram í 30% viðbótargreiðslu ef 70% fyrstu greiðslu hefur verið notað. Við skil lokaskýrslu og fylgigagna er síðan greidd lokagreiðslan.

#### Hvað er styrkt ?

Styrkurinn skiptist í nokkra hluta:

- a) Fasta upphæð fyrir ferðir og uppihaldskostnað.  
Athugið að með lokaskýrslu skulu fylgja gögn sem staðfesta dvalartíma. Um er að ræða brottfararspjöld en einnig skal nota Europass þar sem móttakandi staðfestir dvalartíma viðkomandi styrkþega. Upplýsingar um Europass er að finna á [www.europass.is](http://www.europass.is)
- b) Styrk fyrir fyldarmenn í ákveðnum tilfellum
- c) Viðbótarstyrk fyrir fatlaða einstaklinga.
- d) Undirbúningskostnað, svo sem tungumálanámskeið
- e) Umsýslukostnað verkefnisstjóra

#### Uppihald og ferðir.

Í verkefnum ársins 2009 er styrkur vegna uppihalds og ferða ekki sundurliðaður heldur er um eina upphæð að ræða. Gefin er út föst styrkuppheð fyrir eina viku, tvær vikur og síðan per viku eftir það. Athugið að **lágmarksdvalarlengd** fyrir nemendur í starfsnámi- IVT og fólk á vinnumarkaði - PLM eru **2 vikur** leiðbeinendur og stjórnendur - VETPRO er **1 vika**.

#### **Um er að ræða tvo landaflokka :**

**A:** Öll lönd nema Rúmenía og Búlgaría. Þetta eru Belgía, Tékkland, Kýpur, Danmörk, Þýskaland, Spánn, Eistland, Grikkland, Frakkland, Írland, Ítalía, Litháen, Lettland, Malta, Holland, Austurríki, Portúgal, Póland, Slóvenía, Slóvakía, Finnland, Svíþjóð, Bretland, Luxemborg, Noregur, Ungverjaland og Tyrkland.

**B:** Búlgaría og Rúmenía

# Mannaskiptaverkefni 2009

## Leiðbeiningar um fjármál og verkefnisstjórnun.

### Hámarksstyrkur fyrir uppihald og ferðir:

#### Verkefnaflokkar:

Nemendur í starfsmenntaskólum, starfsnámi og á samningi – IVT og  
Fólk á vinnumarkaði – PLM

Dvalarlengd	2 vikur	Viðbótarstyrkur á viku eftir aðra viku
A. Öll lönd nema BU og RO	1500 evrur	150 evrur á viku. Heildarstyrkur fyrir 3 vikur er því 1650, 4 vikur 1800 o.s.frv.
B. BU og RO	1200 evrur	100 evrur á viku.

#### Verkefnaflokkur: Stjórnendur og leiðbeinendur – VETPRO:

Dvalarlengd:	1 vika	2 vikur	3 vikur	4 vikur	5 viku	6 vikur
A. Öll lönd nema BU og RO	1100	1500	1650	1800	1950	2100
B. BU og RO	900	1200	1300	1400	1500	1600

### Styrkir fyrir fatlaða einstaklinga og/eða fólk með sérstakar þarfir – special needs:

Mögulegt er að sækja um hærri styrk ef um fatlaða einstaklinga er að ræða. Það þarf að færa rök fyrir þeim viðbótarkostnaði sem sótt er um og við uppgjör þarf að sýna fram á viðbótarkostnað með því að leggja fram reikninga. Einnig er hægt að sækja um sérstakan styrk fyrir fylgdarmenn ef þörf er á og miðast þá styrkurinn við venjulegar styrkuppþæðir miðað við dvalarlend (sjá töflur hér fyrir ofan).

### Styrkir fyrir fylgdarmenn – Accompanying persons:

Mögulegt er að sækja um styrk fyrir fylgdarmenn t.d. nemenda og eru styrkuppþæðir þá þær sömu og fyrir aðra þátttakendur – sjá töflur hér fyrir ofan.

### Undirbúningsstyrkir – Preparation:

Mögulegt er að sækja um styrki fyrir menningar- og tungumálaundirbúning þátttakenda. Aðeins er hægt að veita styrk fyrir undirbúningi sem er umfram hefðbundna kennslu og skal kostnaðurinn sem sótt er um um rökstuddur í umsókn sem og í lokaskýrslu. Styrkuppþæð er að hámarki 300 evrur á mann í verkefnum nemenda í starfsnámi (IVT) og fólks á vinnumarkaði (PLM). Hámark í flokki leiðbeinenda og stjórnenda er 100 evrur á þátttakanda.

### Umsýslustyrkir – Management and monitoring:

Mögulegt er að sækja um styrk fyrir umsjón og skipulagningu verkefna. Þessir styrkir eiga að renna til þeirrar stofnunar sem sér um framkvæmd verkefnisins en ekki til einstakra þátttakenda. Styrkurinn miðast við fjölda þátttakanda í verkefnum og er hámarksstyrkur 200 evrur fyrir hvern þátttakanda.

# Mannaskiptaverkefni 2009

## Leiðbeiningar um fjármál og verkefnisstjórnun.

### Dvalarlengd:

#### **Mannaskipti/Placements**

IVT - Fólk í starfsnámi - Dvalarlengd: 2 – 39 vikur

PLM - Fólk á vinnumarkaði - Dvalarlengd: 2 – 26 vikur

#### **Starfsmannaskipti/Exchanges**

VETPRO - Leiðbeinendur og stjórnendur í atvinnulífinu, skipuleggjendur og stjórnendur starfsþjálfunar, t.d. kennarar, starfsmannastjórar og fræðslustjórar.

Dvalarlengd 1 – 6 vikur

### Gæði í mannaskiptaverkefnum

Til þess að auka gæði mannaskiptaverkefna, sem fjármögnuð eru af áætluninni, eru sérstök áhersla lögð á eftirfarandi atriði:

- Staðfestingu á starfshæfni sem viðkomandi öðlast í starfsþjálfuninni.
- Að starfsþjálfunin sé að fullu metin inn í nám í heimalandinu.
- Tungumála- og menningarundirbúning styrkþega.
- Skýr lýsing á markmiðum, námsefni og lengd dvalar.
- Lýsing á því hvernig að fræðslu nemenda verður staðið, sem og handleiðslu og leiðsögn.

Að lokum.....

Þátttaka í Evrópuverkefnum krefst talsverðrar námkvæmni. Starfsfólk skrifstofu Leonardó áætlunarinnar er ykkur til aðstoðar. Ekki hika við að notfæra ykkur það.